

að heimferð. Einnig er hætt á að hægðir tregðist eftir aðgerðina og þess vegna er nauðsynlegt að velja sér trefjaríkt fæði, drekka vel, hreyfa sig og fá jafnvel hægðalyf. Á 2.-3. degi getur þú farið heim, þetta fer þó eftir líðan þinni. Saumatáka er á 7. degi.

Konum er ráðlagt að hafa hægt um sig og forðast áreynslu í 3-4 vikur eftir aðgerðina og byrja að jafnaði að vinna eftir 5- 6 vikur. Endurkoma til kvensjúkdómalæknis er í samráði við hann, eftir 3-4 vikur. Kynlíf er ekki æskilegt í 4-6 vikur.

Hvað ber að varast


Sýkinga- og blæðingahætta er óveruleg ef þú ferð varlega eftir aðgerðina. Þú mátt fara daglega í sturtu. Ekki fara í sund eða baðkar í 3-4 vikur og forðastu mikla áreynslu og lyftingar í a.m.k. 6 vikur.

Mikilvægt er að auka áreynslu og hreyfingu jafnt og þétt, en forðast að vera einn daginn miklu duglegri en daginn áður.

*Með kveðju,
starfsfólk kvennadeildar HVE Akranesi
S. 432 1113*

Unnið í apríl 1998 af Elínu
Sigurbjörnsdóttur hjúkrunarfr. /ljósmóður í
samráði við Önnu M. Helgadóttur
kvensjúkdómalækni.
Endursk. í ágúst 2015/AB.
SHA/rmbæk30

BROTTNÁM LEGS



Velkomin á kvennadeild HVE

Akranesi

Í þessum bæklingi eru upplýsingar sem við vonum að komi þér að gagni og geri þér dvölinna auðveldari. Skrifðu hjá þér þær spurningar sem koma upp við lestur bæklingins, svo þær gleymist ekki.

Hvað hafa þarf meðferðis

Lyfjakort eða lyf sem þú notar reglulega. Náttslöpp, innískó og snyrtiáhöld.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Þú þarft að leggjast inn á deildina daginn fyrir aðgerð og er þá tekin sjúkraskýrsla, blóðprufur og aðrar rannsóknir.

Hjúkrunarfræðingur/ljós móðir tekur á móti þér og hjá þeim færð þú nauðsynlegustu upplýsingar.

Aðstoðarlæknir talar við þig, svo og svæfingalæknir.

Hjartalínurit og lungnamynd eru gerðar, ef þörf þykir.

Þú verður undirbúin fyrir aðgerðina og færð hugsanlega hægdalosandi lyf í endaparm, rakstur á aðgerðarsvæði og ferð í sturtu.

Þú þarft að fasta fyrir aðgerðina, þ.e. þú mátt ekki borða, drekka né reykja frá miðnætti. Mikilvægt er að þú hvílist vel nóttina fyrir aðgerð.

Aðgerðardagur

Að morgni aðgerðardags ert þú vakin snemma. Þú ferð í sturtu. Ekki nota body lotion.

Fjarlægja þarf skartgrip, naglalakk og andlitsfarða. Þvagleggur er settur upp á skurðstofunni. Þú ert klædd í uppháa teygjusokka á deild ef aðgerðin er gerð neðan frá. Aðgerðin tekur í allt um það bil 1 klst.

Um það bil 30 mín. áður en þú ferð á skurðstofu færð þú róandi töflu sem dregur úr kvíða.

Aðgerðin

Legnám, legið fjarlægt (hysterectomi).

Þegar fjarlægja þarf leg er það oftast gert vegna mikilla blæðinga, verkja, óreglulegra blæðinga, vöðvahnúta í legi eða krabbameins. Þegar konur nálgast breytingarskeiðið minnkar hormóna-

framleiðslan og egglos verður sjaldnar. Í kjölfar þess verða blæðingar oft óreglulegar. Ef lyfjameðferð með eða án útskafs dugir ekki til að lagfæra blæðingar getur þurft að fjarlægja legið.

Vöðvahnútar í legi eru oftast meinlausir. Þeir geta þó valdið óreglulegum og/eða miklum blæðingum. Ef hnútar eru í legi er það fyrirferðarmeira og getur þrýst á þvagblöðruna og valdið tíðri þvaglátapörf og/eða þrýst á endaparminn og valdið hæggðatrufunum.

Þegar um góðkynja sjúkdóm er að ræða nægir að fjarlægja hnúttinn(-ana) vilji konan varðveita frjósemi sína. Einnig má fjarlægja sjálfan legbolinn með hnútunum en skilja eftir legháls. Eggjastokkar eru skildir eftir ef þeir eru heilbrigðir. Breytist þá ekkert utan þess að blæðingar hættu. Kabbamein í legslímhúð er greint með útskafi og er meðferðin sú að fjarlægja legið. Oftast er nauðsynlegt að fjarlægja eggjastokkana þegar um illkynja sjúkdóm er að ræða.

Læknirinn ákveður í samráði við þig hvort aðgerðin er gerð gegnum kviðinn eða neðan frá, um leggöngin. Eðlilegt leg er u.þ.b. 8x6x5 cm og liggur neðst í grindarholinu milli þvagblöðru og endaparms. Legið er fjarlægt með því að klippa það frá eggjaleiðurum, eggjastokkum og klippa það frá leghálsi eða efri hluta legganga. Leggangaþoppurinn er svo saumaður aftur og myndast þannig leggöngin á ný.

Eftir aðgerð

Þú verður í vöknunarherbergi í 1-2 klst. eftir aðgerðina. Þú verður með næringarvökva í æð þangað til þú ert farin að drekka. Fylgst er með blóðþrýstingi og hjartslætti. Gera má ráð fyrir verkjum og stundum ógleði og færð þú lyf við því. Þú ferð fram úr með aðstoð að kvöldi aðgerðardags. **Farðu aldrei ein fram úr fyrst eftir aðgerð.**

Þú getur haft smávegis blæðingu í bindi fyrst eftir aðgerðina. Stundum er sett tróð eða dren í leggöngin ef legið er tekið neðan frá. Tróðið er fjarlægt daginn eftir aðgerð.

Það er mikilvægt að byrja að hreyfa sig fljótt eftir aðgerðina, til að minnka hættu á blóðtöppum. Í sama tilgangi eru flestar konur settar á blóðþynningarsprautur fram